

Sorpa b.s. urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 18.9.2023
UST202309-124/G.S.O.
08.12.02

Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. ágúst 2023 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi þann 31. maí 2023. Stofnunin veitti frest til 4. september sl. til þess að skila inn tímasettri úrbótaáætlun eða staðfestingu á úrbótum. Stofnuninni hafa ekki borist framangreind gögn.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2. í starfsleyfi, a-liður. Þann 30. desember 2022 var tekið á móti og urðaður úrgangur úr olíuskilju sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í viðauka I við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinargerð og sýna fram á að botn urðunarstaðar sé 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á svæðinu. Slík greinargerð hefur ekki borist eftirlitsaðila.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fullnægjandi skráningum, sbr. tl. 2-11.
4. Gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. sbr., 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Einu frávíki er varðar skil á grænu bókhaldi var lokað með bréfi dags. 14. ágúst 2023.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 4. september 2023. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasett áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 2. október nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur